

## Fylgiskjal 1 með minnisblaði um Úrbótasjóð tónleikastaða

-Tekið saman af verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur 30. október 2020-

Tveir aðilar sem fengu úthlutað styrk úr úrbótasjóði tónleikastaða fyrir árið 2020 hafa falast eftir því að fá að gera breytingar á sínum umsóknum til þess að geta nýtt styrkinn. Óskað er eftir því að ráðið taki afstöðu til eftirfarandi beiðna:

1. Eigendur KEX hostels hafa falast eftir því að fá að færa styrkinn af kennitölu Sæmundar í sparifötunum (sem sá um rekstur veitingastaðarins og varð gjaldþrota) yfir á fasteignafélagið S28 ehf., kt. 670417-0260. Þannig mun húsið sjálft eiga búnaðinn en ekki aðili í veitingarekstri í húsinu. Með þessu móti getur KEX nýtt styrkinn sem þeir fengu með réttu úthlutað fyrir KEX en í nafni veitingastaðarins. Máli sínu til stuðnings benda fulltrúar KEX á að þeir séu búnir að ráða viðburðastjóra, hafi opnað nýjan veitingastað og ætli sér að vera með úrval tónleika og viðburða í gangi bæði inni og í portinu.
2. Rekstraraðilar Gauksins hafa falast eftir því að fá að nýta hluta styrkuppþæðarinnar sem þeir fengu (u.þ.b. 400 þús) til að kaupa magnara í stað hjólastólalyftu en þeir óska að sama skapi eftir framlengingu á því tímabili sem þeir hafa til að klára kaupin og senda inn greinargerð. Þess má geta að eigendur Gauksins hafa farið í mikla andlitslyftingu á staðnum í ár og nýtt samkomutakmarkanir m.a til að pússa upp gólf staðarins. Einnig er unnið að því að opna tónleikastaðinn Húrra við hliðina á Gauknum og er búið að opna á milli staðanna.

Ekki væri úr vegi að veita öllum styrkhöfum meiri frest til að klára sínar úrbætur í ljósi stöðunnar svo jafnt gangi yfir alla. Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar leggur til að heimilt sé að veita þeim sem þess óska frest til 1. mars 2021 til að klára úrbætur og skila greinargerð.